

13
25. mars

REGLUGJÖRÐ

um

notkun pósta.

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Pósthúsin og starfssvið þeirra.

Á pósthúsum skal tekið á móti alls konar póstsendingum, og þær afhentar, svo lengi sem hægt er og þörf er á, frá kl. 10 árdegis til kl. 6 síðdegis.

Það er skylda póstmanna, þegar þess er krafist, að leiðbeina mönnum um notkun póstanna, ef því verður við komið, án þess að raska eða seinka um of fyrir öðrum póststörfum.

Í kaupstöðum og kaптúnum skal póstkassi hengdur upp við innganginn á pósthúsunum.

Á póststofum og póstafgreiðslustöðum skal sá hluti pósthússins, sem hafður er til að afgreiða póstinn, vera aðgreindur frá þeim hluta, sem er ætlaður almenningi, með skilrími, diskí eða á annan hátt. Þar skal eitt eintak af póstlögum og reglugjörð þessari vera til sýnis, yfirlit yfir komandi og farandi pósta og annað, sem samkvæmt reglugjörð þessari og öðrum ákvæðum ber að auglýsa þar.

2. gr.

Hvenær póstsendingum skal skilað, og hvenær pósthúsin eru opin.

Póststjórnin ákveður, hvenær pósthúsin skuli vera opin, eftir því sem hagar til á hverjum stað, og eftir póstgöngunum.

Á sunnudögum og helgidögum þurfa pósthúsin ekki að vera opin, nema um póstgöngur.

Til þess að sendingar fari með fyrsta pósti, skal þeim í síðasta

lagi skilað svo löngu áður en hann, eftir áætluninni, á að fara frá pósthúsinu sem hjer segir:

13
25. mars

Peningabréfum, böggum, póstávísunum, ábyrgðarbréfum

og blöðum, sem send eru samkvæmt 11. gr. g. í

póstlögunum 1 klst.

Öðrum sendingum 1/2 —

Fari póstur að morgni fyrir kl. 10, skal sendingum öllum, sem á að afhenda á pósthúsinu, skilað kvöldinu fyrir.

Verði póstur eða póstskip hálfum eða heilum degi eftir áætluninni verður að setja nýja áætlun eftir þeim gögnum, sem eru fyrir hendi.

Brjefakassa á pósthúsum skal ætíð tæma 10 mínútum áður en póstur leggur af stað frá pósthúsinu.

Þetta skal auglýst á pósthúsum og hvenær megi seinast afhenda sendingar til þess þær komist með fyrsta pósti.

3. gr.

Flutningur á póstsendingum.

Til þess að flytja póstsendingar milli pósthúsanna skal nota:

1. Landpóstana, sem ríkissjóður kostar;
2. Skip þau, sem styrks njóta af ríkissjóði;
3. Reglubundnar flutningaferðir á landi, sem einstakir menn kosta, og skip einstakra manna. (Póstl. 8. og 9. gr.).

Þegar sjerstaklega stendur á, getur póststjórnin látið flytja póstsendingar á þann hátt, sem hún álitur best við eiga.

Með flutningaferðum einstakra manna á landi og með skipum einstakra manna skal venjulega aðeins senda brjef, póstávísanir, póstkröfur, krossbandssendingar og blöð og tímarit. — Með hinum öðrum reglubundnu flutningaferðum skal venjulega senda alls konar sendingar.

Póststjórnin auglýsir, hvenær póstar eigi að koma og fara frá pósthúsum og allar breytingar, sem kunna að verða gjörðar á því.

Sömuleiðis auglýsir hún tækifæris-póstflutninga, og hvað þá er tekið til flutnings.

Þegar farartími pósta er auglýstur, er ætíð átt við þann tíma, þegar póstur má leggja af stað í fyrsta lagi, en póststjórnin getur látið póstinn leggja af stað síðar, meðal annars til þess, að bíða eftir öðrum póstum.

Þegar ísár eru eða mjög mikil ófærð á vetrum, getur póststjórnin ákveðið, að bögglar, blöð og krossbandssendingar skuli bíða betri tíma.

Skil á póstsendingum.

Póststjórnin tekst á hendur, að koma póstsendingum til þeirra pósthúsa, sem vísað er til, og afhenda þær þar þeim, sem við á að taka, en þeir skulu sjálfir sjá um að sendingarnar sjeu sóttar.

Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, án kostnaðar fyrir póstsjóð, skulu póstmenn láta móttakendur vita, þegar sendingar eru komnar til þeirra, og koma þeim til þeirra, á þeirra kostnað, ef þeir óska þess.

Brjef, sem eiga að berast með hraðboða, skal senda til móttakanda bæði á virkum dögum og helgidögum, á hvaða tíma dags sem er.

Í Reykjavík og Akureyri eru almenn brjef, krossbönd, fylgibrjef og póstávísanir bornar til manna, sem eigi hafa leigt pósthólf, tvisvar á virkum dögum og einu sinni á helgum dögum.

Þar er móttakendum einnig tilkynt, þegar aðrar sendingar koma til þeirra, þeim að kostnaðarlausu.

Í Reykjavík og Akureyri eru almennu brjef, krossbönd, fylgibrjef og póstávísanir til þeirra, er leigt hafa pósthólf, látin í hólfin svo fljótt sem unt er og ennfremur tilkynningar um aðrar sendingar.

II. kafli.

Brjefasendingar, peningabrjef, bögglar, póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur. Útbúningur þessara sendinga.

Brjefasendingar.

a. *Almenn brjef* skulu vera flöt að lögun og eigi yfir 40 sentimetra á lengd, 30 sentimetra á breidd og 3 sentimetra á pykt. — Þau mega eigi vera þyngri en 2000 grömm og hvorki má skrifa á þau verð eða að aðrir munir fylgi þeim. Munir þeir, sem eigi fullnægja þeim skilyrðum, skulu fluttir, ef á annað borð má flytja þá með póstum, eftir þeim reglum, sem gilda fyrir þær sendingar, sem þeir eftir eðli sínu verða að teljast til, þótt þeir hafi verið settir á póst sem almenn brjef.

b. *Brjefspjöld* gefur póststjórnin út bæði einföld og tvöföld og einstakir menn geta gjört það líka.

Einföld brjefspjöld, sem póststjórnin gefur út skulu vera með

áprentuðu frimerki á framhliðinni og orðinu »Brjefspjald«. Tvöföld brjefspjöld útgefin af póststjórninni skulu vera brotin saman hvort að öðru 13 25. mars
án þess að hægt sje að loka þeim. Hvort um sig skal uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um einföld brjefspjöld, með þeim mismun að á þau skal prentað merki þess, að annað þeirra sje ætlað til svars.

Brjefspjöld þau, sem einstakir menn gefa út, verða bæði að lögun og efni að vera eins og brjefspjöld þau, sem póststjórnin gefur út eða því sem næst. Frimerki má þó eigi prenta á þau.

Brjefspjöld þessi mega eigi vera lengri en 14 sm. og eigi breiðari en 9 sm. Þau mega eigi vera styttri en 10 sm. og eigi mjórrí en 7 sm.

Brjefspjöld skulu send opin eða án krossbands eða umslags.

Hægri helmingur framhliðar að minsta kosti skal geymdur utanáskrift viðtakanda og upplýsingum í þarfir póststjórnarinnar. Sendandi hefir ráð yfir bakhlið brjefspjaldsins og vinstra helming framhliðar.

Fyrir utan frimerkin má eigi líma eða festa nokkurn hlut við brjefspjaldið, þó má festa við það ljósmyndir og allskonar merki með þeim skilyrðum, að þau sjeu úr mjög þunnum pappír og algjörlega áfastir við brjefspjaldið. Að undanteknum utanáskriftarmiða og frimerki má eigi líma þessa hluti annarstaðar á brjefspjaldið en á bakhliðina eða vinstra helming framhliðar.

Brjefspjöld, sem ekki uppfylla sett skilyrði, skal fara með sem brjef.

c. *Prentað mál.* Þar undir má telja: Alt sem prentað er á pappír, skinn eða pappa, hvort sem letrið eða myndirnar, sem prentað er með, eru úr steini, málmí eða trje; auk þess má senda sem prentað mál annað, sem fjölrítað er með vjelum, og auðvelt er að ákveða, hvernig er gjört, þó ekki það, sem ritað er með endurritvjel, skrifvjel eða gegnumskrift; það sem ritað er með hektógraf, eða typógraf, má þó senda sem prentað mál, ef minst 20 samhljóða sendingar af því eru afhentar í einu á pósthúsið, enda sje í hverri nákvæmlega eins útlítandi eintök.

Sem dæmi uppá prentað mál má nefna: Blöð og tímarit, bækur, nótur, nafnseðla, prófarkir, upphleypt prent fyrir blindu, myndir, landa-brjef, áskriftartilboð, auglýsingar o. s. frv.

Til þess að munir þeir, sem að framan eru nefndir, verði teknir til meðferðar með póstum sem prentað mál, verða þeir að fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:

1. Fyrir utan utanáskriftina má eigi skrifa á þá neitt annað en það, er hjer segir:

Nafn sendanda og stöðu, staðinn, sem það er sent frá, mánaðar-dag, verðið á verðskrár og áskriftartilboð. Á bókum stutt tileinkun frá höfundinum. Með prentuðu máli mega fylgja reikningar, sem snerta það. Með próförk má fylgja tilheyrandi handrit og mega í próf-

13
25. mars

örkinni vera leiðrjettingar á prentvillum, breytingar og viðbót, sem sem lýtur að texta ritsins, og athugasemd um, hvort ný próförk sje nauðsynleg eða ekki, en engin orðsending til prófarkalesarans.

Sömu leiðis má setja þar strik, tölur og merki, en eigi má setja þau þannig, að þar með sje móttakanda gefin vísbending um eitthvað.

2. Prentað mál verður að vera þannig útbúið, að auðvelt sje að rannsaka innihaldið, og skal í því efni þetta tekið fram: Prentað mál, sem aðeins er einföld eða samanlögð spjaldblöð, seðlar eða því um líkt, má senda umbúðalaust, en sjeu munir þessir lagðir saman, má þeim eigi vera lokað með lakki, oflátu eða á líkan hátt.

Annað prentað mál verður að vera í umbúðum annaðhvort sam-anbundið, þó svo, að hægt sje að leysa utan af því eða í umslagi, sem auðvelt er að taka af og láta á aftur. Utanáskriftarmegin á prentuðu máli skal ætíð standa: *prent*.

3. Eigi mega vera í því munir til ýmissa eða frá ýmsum, nema um blöð sje að ræða, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. g. í póstlögunum.

Útilokuð frá að sendast sem prentað mál eru frimerki, bæði inn-lend og útlend, hvort sem þau eru stimpluð eða ekki, brjefspjöld og allir aðrir munir prentaðir, sem eru notaðir til að tákna verð. Sama gildir einnig um eiginlegar pappírsendingar, þegar það er augljóst, að textinn er eigi höfuðeinkenni sendingarinnar.

4. Prentsendingar eiga að vera þannig lagaðar að þær sjeu hentugar til flutnings með öðrum sendingum. Stærð þeirra má eigi fara fram úr 50 sm. á lengd, 30 sm. á breidd og 10 sm. á pykt. Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október má þyngd hverrar sendingar eigi fara fram úr 2 kílógrömmum, en frá 15. október til 14 apríl eigi fram úr $\frac{3}{4}$ kg.

d. *Sýnishorn af vöru og snið* (uppdrættir).

Til þess að munir þeir, sem eftir eðli sínu má telja undir sýnis-horn af vöru og snið, sem þó mega eigi vera handteiknuð, verði teknir til flutnings með póstum, skulu þeir fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:

1. Fyrir utan utanáskriftina má eigi skrifa á þá annað en nafn send-anda, eða merki, tölu, verð, þyngd, mál, stærð og hve mikið sje til sölu af vörunni.
2. Þeir skulu vera í umbúðum þannig, að auðvelt sje að rannsaka þá, bæði að opna umbúðirnar og loka þeim.
3. Þeir mega eigi hafa verð til verslunar þannig, að hægt sje að selja þá út af fyrir sig.
4. Þeir mega eigi innihalda hluti frá ýmsum eða til ýmissa. Útilokað frá að flytjast með póstum sem sýnishorn af vöru og snið, eru frí-merki, bæði innlend og útlend, hvort sem þau eru ónýtt eða ekki, brjefspjöld og allir aðrir prentaðir munir, sem eru notaðir til að tákna verð.

5. Hver sending sýnishornanna má eigi vera yfir 30 sm. á lengd, 20 sm. á breidd og 10 sm. á þykkt og ekki vera þyngri en 250 gr. 13
25. mars

Ef prentað mál, sýnishorn af varningi og snið, fullnægja ekki skilyrðum þeim, sem talin eru í c. 1—2 og 4 og d. 1—2 og 5, fer um muni þessa sem almenn brjef, sjeu þeir ekki hver um sig þyngri en 250 grömm; annars skal eigi flytja þá með pósti.

Ef skilyrðum í c. 3 og d. 4 eigi er fullnægt, skal hver einstakur hlutur í sendingunni skoðaður sem sending út af fyrir sig, og með hann farið þar eftir.

Hafi sýnishorn af vöru eða snið verslunarverð, skal með þesskonar sendingar farið sem brjef eða böggul.

Reglur þær, er nú skal greina, gilda um allar brjefasendingar (almenn brjef, brjefspjöld, prentað mál, sýnishorn og snið) sameiginlega.

Til þess að geta komist hjá drætti, skulu þær hafa nákvæma utanáskrift, sem segi til um nafn móttakanda, heimili og nafnið á pósthúsi því, þar sem sendingin á að afhendast. Auk þess er ráðlegt að tilfæra á umslagið eða umbúðirnar nafn sendanda og heimili, til þess að sendingunni verði fyrir skilað aftur, ef eigi er hægt að koma henni til móttakanda.

Til þess að brjef til Reykjavíkur og Akureyrar verði borin út í fyrstu ferð brjefberanna eftir að þau koma á pósthúsið, verður götunafn og húsnúmer að standa á brjefunum, og til þess að þeim verði raðað í pósthólf við fyrstu röðun, skal pósthólfs númer sett á þau.

Æski sá, sem sendir brjefasending, að hún sje flutt með ábyrgð, verður utanáskriftarmegin greinilega að skrifa *NB*, eða *mælt með* eða *recommanderað*. Krefjist sendandi ábyrgðarsendingar kvittunar móttakanda fyrir henni, skal skrifað framan á brjefið: »kvittunar er æskt fyrir móttökuna« eða A. R.

Með því að skrifa framan á brjefasendingar undir staðarnafnið »poste restante« eða »verður sótt«, getur sendandi ákveðið, að þær geymist á pósthúsinu þangað til þær verða sóttar, þó ekki fram yfir 3 mánuði frá því þær komu á póststaðinn. Þegar brjefasendingar eru eigi með ábyrgð, má í staðinn fyrir nafn móttakanda tilfæra bókstafi, tölur eða merki, en þá ábyrgist póststjórnin ekki að sendingin komist í rjettar hendur.

Ef þess er óskað, að brjef sje borið út með hraðboða, verður ósk um það að vera skrifuð utanáskriftarmegin á brjefið.

6. gr.

Peningabrjef.

Til þess að sending verði tekin til flutnings sem peningabrjef, verður hún að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5 gr. um almenn

13 brjef, að því er snertir lögun, stærð, þykt og þyngd; auk þess verða í
25. mars henni að vera peningar eða verðbrjef og á hana skrifað ákveðið verð.
Eigi má rita á hana athugasemd um að nokkur annar hlutur fylgi henni. Þegar sjerstaklega stendur á, má þyktin þó vera lítið eitt yfir 3 sentimetra.

Af mótuðum peningum má ekki í nokkru peningabrjefi vera meira en
50 kr. í gulli,
9 — í ein- eða tvíkrónum,
90 aurar í smásilfri,
9 — í kopar.

Yfir höfuð eru engin takmörk fyrir verðupphæð peningabrjefa.

Verðupphæð skal tiltekin í íslenskum peningum, og má hún ekki vera yfirstrikuð eða henni breytt, nema sendandi hafi á umslaginu endurtekið hina rjettu upphæð með bókstöfum, og skrifað nafn sitt undir.

Þegar sagt er til verðupphæðar á peningabrjefum, skal það orðað þannig: Innlagðar N. N. kr, eða á líkan hátt.

Aftur á móti verður eigi álitíð, að sagt sje til verðs á peningabrjefi, þótt skrifað sje á sending, sem skuldabrjef með nafni eða slík brjef eru í: Innlögð skuldabrjef að upphæð N. N. kr., innlögð ávísun að upphæð N. N. kr.

Þegar telja skal í peningabrjefi, sem inniheldur útlenda peninga, sem eigi eru gjaldgengir hjer á landi, og talning getur farið fram, af því að hlutaðeigandi póstmaður getur staðfest innihaldið samkvæmt því, sem sagt er til um verðið, verður að framkvæma hana þannig, að upplýsing sje gefin um, hve mikið sje í innlendum og hve mikið í útlendum peningum, t. d.: Innlagt N. N. kr. í íslenskum seðlum og N. N. frankar í frönskum seðlum. Verð N. N. kr.

Þar að auki skal búa um peningabrjef og lakka, svo sem hjer segir:

Umbúðir.

Áður en umslagið er látið utan um peningana eða verðbrjefin, skulu þeir vera sveiptir inn í umbúðapappír eða annað jafnstærkt, og skal þessu vera komið svo fyrir, að það haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það færast eigi til að mun á leiðinni; sjer í lagi verður að gæta þess, að mótaðir peningar eigi geti skrölt lausir í umslaginu. Það er því ráðlegt, þegar í peningabrjefi eru mótaðir peningar, að innsigla hinar innri umbúðir líka.

Umslagið.


Umslög um peningabrjef eiga að vera úr sterkum umbúðapappír, þau eiga að vera í lögun, áður en þau eru brotin saman, eins og uppdættirnir I og II sýna.

Þó má nota venjuleg brjefaumslög um seðla, en eigi fleiri en 4 13
í hverju brjefi (mótaða peninga má eigi senda í slíkum umslögum). 25. mars

Auk þess verður að innsigla þau eftir sjerstökum reglum, er sið-
ar verður getið.

Innsiglan.

Þegar sendandi notar umslagið I og krefst eigi tölu í peninga-
brjefinu, á hann að lakka það með tveim lökkum þannig, að innsiglið
þeki hornin á umslagslokinu og snerti það af umslaginu, sem liggur undir,



eins og mynd III sýnir; þó getur pósthúsið heimtað, að fleiri lökk sjeu
á brjefinu, þegar stærð umslagsins gefur tilefni til þess.

Sje umslagið að lögun eins og myndin II sýnir, eða sjeu pen-
ingar sendir í venjulegum umslögum, þá skal lakka peningabrjefið með
5 lökkum eins og mynd IV sýnir.

Sje talið í peningabrjefi með umslagi I, skal setja á það tvö
póstinnsigli eins og mynd III, og innsigli sendanda á milli þeirra.

Ef öðruvísi umslög eru notuð, eiga tvö af fimm innsiglium að vera
póstinnsigli.

Til innsiglanarinnar ber að nota haldgott lakk og reglulegt sig-
net, en mótaða peninga, hnappa eða því um líkt má ekki nota í þess
stað. Sendandi verður að viðhafa sama signetið á öllum lökkum, sem
hann setur á sama peningabrjefið. Nafn og heimili móttakanda skal skrif-
að með bleki á hvert peningabrjef, og eigi það að fara út fyrir umdæmi
þess pósthúss, þar sem það er afhent, skal og skrifa nafn þess pósthúss,
sem ætlast er til að afhendi brjefið.

Sendandi getur heimtað, að brjefið liggi á pósthúsi því, sem það
er sent til, þangað til móttakandi sækir það, með því að skrifa á brjefið
»poste restante« eða »verður sótt«, þó eigi yfir 3 mánuði eftir að það
kom þangað.

Óski sendandi að fá kvittun móttakanda fyrir því, skal hann
rita athugasemd um það á brjefið utanáskriftarmegin.

Böggulsendingar.

Munir þeir, sem að einhverju leyti fara út fyrir takmörk þau, sem sett eru um brjefasendingar og peningabréf, að því er snertir lög- un, stærð og vigt, skulu teljast undir böggulsendingar.

Fyrir flutning böggulsendinga með póstum gilda reglur þær, sem nú skal greina:

U m m á l.

Böggulsendingar, sem eiga að fara með landpóstum, mega eigi vera yfir 46 sentimetra á lengd og 24 sentimetra á breidd og þykt, auk þess verða sendingar, sem eiga að flytjast með gangandi póstum, að vera þannig lagaðar, að hægt sje að flytja þær í burðartöskum. Böggulsendingar, sem að eins á að senda með skipum, mega vera alt að 1 metri á hvern veg. Hvort leyft sje, þegar sjerstaklega stendur á, að farið sje fram yfir nefnd takmörk, ákveður pósthúsið, þó því að eins, að stærð sendingarinnar eigi gjöri nauðsynlegar sjerstakar ráðstafanir við flutning hennar.

Viktin má eigi fara fram yfir:

5 kílógrömm með skipum,

2½ kílógramm með landpóstum.

Mótaðir peningar mega vega 8 kílógrömm með skipum og 5 kílógrömm með landpóstum.

Móttökupósthúsið getur þó, þegar sjerstaklega stendur á, leyft að þyngd böggla fari lítið eitt fram úr því, sem hjer er sagt.

U m b ú ð i r.

Um allar böggulsendingar skal vera vel og vandlega búið, og verða umbúðirnar að loka um innihald sendingarinnar fulltryggilega. Þær verða að eiga vel við eðli þess hlutar, sem sendur er, og því laga sig eftir innihaldi sendingarinnar, vikt, stærð, árstíma og vegalengd, og eftir því, hvort sendingin er flutt á sjó eða landi.

Auk þess skal þess gætt, að um sendingar sje bundið fast og rammlega, nema þær sjeu mjög litlar og ljettar.

Lagarkendar vörur, eða vörur, sem væta getur komið úr, svo sem epli, smjör og önnur feiti, skulu vera í sterkum, þjettum ílátum, og brothættir hlutir, eins og gler og þesskonar, skulu sendir í kössum úr trje, pjátri eða líku efni.

Verði vörur þessar fluttar í öðrum umbúðum af því að póststjórninni var eigi kunnugt um eðli innihaldsins eða umbúðanna, skal sendandi bæta allan skaða, sem af því hlýst.

Án umbúða má senda trje eða járnvöru og líka hluti, ef eigi er hætt við að munir þessir skaddist eða skemmi aðrar sendingar. 13
25. mars

Lagarkendum vörum og vörum, sem væta getur komið úr, svo og peningaböggjum, sem síðar skal getið, skal eigi veitt mottaka, nema umbúðirnar sjeu eins og fyrir er mælt; aðrar sendingar getur sendandi heimitað að sendar sjeu á hans ábyrgð, þótt eigi sje um þær búið, eins og segir í reglugjörð þessari, þegar hann eða umboðsmaður hans undirskrifar eftirfylgjandi áteiknun á fylgibrjefið »á ábyrgð sendanda« og pósthúsið álitur, að aðrar sendingar þurfi eigi að skemmast, þótt umbúðirnar á þessari sendingu sjeu í ólagi.

Merki.

Á hverri böggulsendingu skal vera greinilegt merki.

Þetta merki á ætið að tilfæra fulla utanáskrift móttakanda og þar að auki nafn pósthússins sem sendingin á að fara til, ef hún á að fara út fyrir umdæmi móttökupósthússins.

Á hvern böggul skal setja: *poste restante* eða *verður sótt*, sje um þess konar sendingar að ræða. Sje um verðsending að ræða, skal verðupphæðin sett hjá utanáskriftinni.

Merkið skal vera skrifað með bleki, svertu eða öðru haldgóðu efni (en ekki með krit, ritblýi, blekblýant, eða því líku) og, ef unt er, á sjálfa sendinguna eða umbúðirnar eða þá á pappa eða brjefspjald eða þess konar, sem bundið er við böggulinn. Pappírsmarki ætti aldrei að nota og verða aðeins tekin gild, þegar þau eru saumuð, limd eða negld á sjálfan hlutinn eða umbúðirnar. Eldri merki mega ekki vera á sendingunni nje leyfar af þeim.

Fylgibrjef.

Hverjum böggli skal fylgja fylgibrjef, sem póststjórnin gefur út eyðublöð undir. Þau skulu vera til sölu á öllum pósthúsum.

Hverjum verðböggli skal fylgja sjerstakt fylgibrjef, aftur á móti má senda 3 verðlausu böggla með sama fylgibrjefi, frá sama sendanda til sama móttakanda.

Fylgibrjefið skal tilgreina nafn móttakanda, heimili eða bústað, og nafn pósthúss þess, sem sendingin á að fara til, ef hún á að fara út fyrir umdæmi móttökupósthússins.

Á fylgibrjefinu skal þess getið, að sendingin fylgi, og skal þess vandlega gætt, að nefna hana því nafni, sem hún venjulega hefir, svo sem böggul, kassa, körfu, poka o. s. frv.

Óski sá, er sendir böggul, að hann geymist á pósthúsi því, sem hann er sendur til, þangað til móttakandi sækir hann, verður hann að skrifa á fylgibrjefið »*poste restante*« eða »*verður sótt*«, og geymist hann

13 þá á pósthúsinu alt að 3 mánuðum frá því hann kom þangað. Sendandi
 25. mars verður að geta þess á fylgibrjefinu, ef hann óskar þess að gefin sje út móttökukvittun, til þess að fá viðurkenning móttakanda fyrir að hafa fengið sendinguna með skilum.

Reglur þær, sem að framan eru settar, gilda fyrir alla almenna böggla, hvort sem verð er tilgreint eða ekki, aftur á móti skal búa um eiginlegar peningasendingar, sem verða að teljast böggulsendingar og loka þeim svo sem hjer segir:


Penin g a bö g g l a r (seðlaböggla r).

Það eru böggla r með tilgreindu verði, sem hafa inni að halda brjefpeninga eða handhafa skuldabrief. Mótaða peninga má leggja inn í peningaböggla, en eigi meir af þeim en fyr er sagt um peningabrief.

Fyrst skal sveipa um sendingar þessar sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið, síðan skal láta utan um þær sterkan umbúðapappír og brjóta þannig, að pappírin leggist saman aftan á bögglinum.

Böggulinn skal reyra með sterku snæri eða bandi, sem ekki er hnýtt saman, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum, fyrst utanáskriftarmegin og svo aftan á bögglinum; skal hafa endana svo langa, að sett verði á þá innsigli. Þegar ekki er talið í bögglinum, skulu innsiglin vera að minsta kosti 2 og þannig fyrir komið, að þau festi bandið, sem reyrt er utanum böggulinn, og endana á því og brotið á pappírsumbúðunum við sjálfar umbúðirnar. Alíti póstpjónn sá, sem tekur á móti sendingunni, að nauðsynlegt sje, til þess að henni sje vel lokað, að fleiri lökk sjeu sett á hana, skal það gjört.

Sje þess krafist, að talið sje í peningaböggli, skal þar að auki setja á sendinguna 2 póst-innsigli, þannig að bandið og endar þess sjeu með þeim festir við það, sem brotið er upp á, af pappírsumbúðunum á



bakhliðinni, eins og sýnt er á þessari mynd (V), þar sem sendandi á að setja á peningaböggul, sem talið er í, þau tvö innsigli, sem eru í miðjunni.

Myntsendingar.

Það eru böggla r með ákveðnu verði, sem innihalda mótaða peninga, eða gull og silfur í stöngum; pappírspeninga og verðbrjef má einnig láta í þessar sendingar. Þessar sendingar skal búa um í bögglum, strönglum eða pokum.

Myntströnglar eða böggla r.

Í hverjum böggli eða ströngli má ekki vera meir af mótuðum peningum en að hann vegi 8 kílógrömm. Fyrst skal hlaða peningunum

fast saman, sveipa um þá á alla vegu sterkum pappír og reyra svo um. **13**
 Umbúðirnar um böggla eða strönglana að utan skulu vera úr leðri, **25. mars**
 skinni, vaxdúki eða sterku ljerefti, sem að minsta kosti er vafið tvisvar
 um; skal brotið saman við endana og alstaðar saumað fyrir. Auk þess
 skal böggullinn eða ströngullinn vera reyrdur snæri, sem ekki er hnýtt
 saman, og skal því að minsta kosti á tveim stöðum vera brugðið í kross;
 skal festa endana á snærinu með innsigli sendanda við böggulinn, þar
 sem brotnir eru saman endarnir á umbúðunum. Ef póstmaður telur pen-
 ingana, er þeim er skilað, skal þar að auki láta tvö póstinnsigli á böggulinn.

M y n t p o k a r .

Í hverjum poka má eigi vera meir af mótuðum peningum en svo
 að hann vegi 8 kílógrömm. Peningapokarnir skulu vera úr leðri, skinni
 eða tvöföldu ljerefti, eða hafðir 2 pokar hvor utanum annan á þann hátt,
 að saumarnir á þeim liggi eigi saman. Saumar á peningapokum skulu
 ætíð snúa inn, og skal vera fast bundið fyrir þá, rjett fyrir ofan það,
 sem í þeim er, með sterku snæri, sem eigi er hnýtt saman, og skal festa
 endana rjett hjá hnútnum við pokann sjálfan með innsigli þess, sem
 sendir. Ef póstmaður telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að
 auki setja 1 póstinnsigli á pokann.

Það gildir um peningaböggla alla og verðböggla, þegar þeir eru
 lakkaðir, eins og segir um peningabrjef, að lakk það, sem notað er, á
 að vera haldgott og það verður að viðhafa reglulegt signet, en ekki pen-
 inga, hnappa eða því líkt. Sendandi verður að nota sama signetið á öll
 lökkinn á sama böggli.

Verð á bögglum skal talið í innlendum peningum, og skal það
 skrifað bæði á fylgibrjefið, þar sem því er ætlað rúm, og á merki send-
 ingarinnar eða umbúðirnar.

Tölurnar í verðupphæðinni má hvorki strika yfir nje breyta þeim,
 nema sendandi eða sendimaður hans, með eiginhandar undirskrift, end-
 urtaki hina rjettu upphæð bæði á fylgibrjefinu og á sendingunni.

Fylgibrjefið segir sjálft til, hvernig eigi að skrifa verðupphæð-
 ina, og á almennum verðbögglum skal það gjört eins, en á peningasend-
 ingum skal verðupphæð tilgreind eins og á peningabrjefum (6. gr.) t. d.:
 Innlagt N. N. krónur.

Það er ekki hægt að heimta, að talið sje í almennum verð-
 böggli, en þegar beiðst er, að talið sje í peningaböggli og hann hefir
 inni að halda útlenda peninga, sem eigi eru gjaldgengir hjer á landi,
 skal verðið tilgreint eins og segir um peningabrjef, þegar eins er
 ástatt (6. gr.).

13

25. mars

8. gr.

Póstávisanir.

Það eru ávisanir á peningaupphæðir sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út eftir ráðstöfun póststjórnarinnar. Póststofur og allar póstafgreiðslur gefa út og borga út póstávisanir, en brjefhirðingarstaðir mega gefa út póstávisanir.

Upphæð póstávisana til kaupstaðanna má vera allt að 5000 kr. til annara póstafgreiðslustaða að eins 1000 kr.

Undir póstávisanir má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út, og eru þau til sölu á pósthúsunum. Á brjefhirðingastöðum er þó eigi hægt að fá keypt nema eitt og eitt eyðublað í einu, nema þau sjeu pöntuð fyrir fram. Eyðublaðið skal útfylla með bleki (þó má nafn og heimili viðtakanda vera prentað) og skal það gjört nákvæmlega eftir því, sem það sjálft gefur leiðbeining um.

Nafn viðtakanda og heimili og pósthús það, sem á að borga ávisunina, verður að vera greinlega tiltekið á henni; upphæðin á að vera í innlendum peningum og skrifuð bæði með tölum og bókstöfum, er sje nákvæmlega samhljóða og komi heim við upphæðina á afklippingi eyðublaðsins. Engar ústrikanir eða leiðrjettingar mega eiga sjer stað að því, er upphæðina snertir.

Með því að skrifa »poste restante« eða »verður sótt« utan á póstávisunina hjá pósthúsnafninu, getur sendandi ráðið því, að ávisunin sje geymd á pósthúsinu, þangað til hún er sótt, þó ekki yfir mánuð frá því hún kom þangað.

Sendandi getur einnig, með því að skrifa athugasemd um það á póstávisunina, krafist þess, að móttökukvittun sje gefin út, til þess að fá viðurkenning viðtakanda fyrir því, að hann hafi tekið á móti upphæðinni.

Afklippinginn má klippa frá og afhenda viðtakanda; sendandi getur skrifað á hann eða prentað á hann orðsendingar og fest á hann prentaðan miða, sem þó eigi má vera stærri en afklippingurinn, enda verður að falla alveg saman við hann, svo meðferð póstávisunarinnar verði engu erfiðari. Það er eigi skylda að skrifa upphæðina á afklippinginn, en sje það gjört, verður hún að vera samhljóða upphæð ávisunarinnar, það er heldur eigi skylda að skrifa nafn og heimili sendanda á afklippinginn, en það er ráðlegt, til þess að geta fengið ávisunina endursenda, ef hún kemst eigi til skila.

Símapóstávisanir má senda milli sömu pósthúsa og aðrar póstávisanir.

Pósthús það, sem tekur á móti símapóstávisun, skal fyrir venjulega borgun útbúa hana að öllu leyti fyrir sendanda, og nota til þess eyðublað, sem til þess eru ætluð. Sendandi verður skriflega eða munnlega að

skýra nákvæmlega frá nafni viðtakanda, stöðu og heimili, upphæð ávísunarinnar og nafninu á pósthúsi því, sem á að borga hana. 13

25. mars

Þegar símapóstávisunin er skrifuð og frimerkt, skal leggja hana í umslag og loka því með innsigli póstafgreiðslunnar, og skrifa utan á til símastöðvarinnar þar á staðnum eða þeirrar, sem sendandi óskar, en hann flytur umslagið til símastöðvarinnar og greiðir símagjaldið, sem er 2 kr. án tillits til orðafjölda.

Símastöð, sem tekur á móti símapóstávisun, getur afhent símskeytið næsta pósthúsi, og eigi það að fara lengra, skal pósthúsið senda það ákvörðunarpósthúsinu, eins og þjónustusending, sem mælt er með.

9. gr.

Póstkröfur.

Póstkröfur eru kröfur um innheimtu á peningaupphæð alt að 1000 kr., sem póststjórnin annast. Innheimtu á póstkröfum hafa póststofur, póstafgreiðslur og brjefhirðingar.

Póstkröfur mega fylgja almennum brjefum, meðmælingarbrjefum, peningabrjefum og böggjum, og má þá eigi afhenda muni þessa, nema að upphæð póstkröfunnar sje að fullu borguð.

Þegar póstkröfur eru lagðar á blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. g. póstlaganna, skal sending sú, sem póstkrafan fylgir, afhent á póst sjerstaklega.

Póstkröfur má einnig innheimta þó engin sending fylgi, aðeins samkvæmt póstkröfublaði.

Póstkröfur er eigi hægt að leggja á fylgibrjef, nema böggjarnir fylgi.

Póststjórnin gefur út eyðublöð undir póstkröfur og ákveður verðið á þeim.

Póstkröfur má afhenda á pósthúsunum. Eigi má nota undir þær önnur eyðiblöð, en þau sem póststjórnin gefur út.

Finnist póstkröfusending í póstbrjefakassa, og sje hún löglega útbúin, má afgreiða hana sem slíka, en póststjórnin hefir enga ábyrgð á, þótt henni sje eigi veitt eftirtekt.

Hafi brjefhirðing tekið á móti póstkröfusendingu, sem eigi er löglega útbúin af hálfu sendanda, má gjöra hana afturreka.

Nafn viðtakanda og heimili og pósthús það, sem á að innheimta póstkröfuna, verður að vera greinilega tiltekið á henni; upphæðin á að vera í innlendum peningum og skrifuð bæði með tölum og bókstöfum, er sje nákvæmlega samhljóða og komi heim við upphæðina á afklippingi eyðublaðsins.

Engar ústrikanir eða leiðrjettingar mega eiga sjer stað að því er upphæðina snertir.

13

25. mars Því sem eyðiblaðið segir til, annaðhvort prentað eða skrifað. Afklipping-
inn á fremri helming eyðublaðsins má sendandi nota, eins og hann sjálf-
ur gefur leiðbeining um, og má klippa hann frá þegar upphæðin er
útborguð. Póstkröfur skulu innleystar innan hálfsmánaðar frá því þær
komu á ákvörðunarpósthúsið; þó getur sendandi ákveðið sjerstakan frest
fyrir útborguninni, alt að 30 dögum, en eyðublaðið verður þá að hafa
greinilega áteiknun um það.

Á póstkröfueyðublaðið má skrifa »poste restante« eða »verður sótt«
og skal þá geyma póstkröfuna í mánuð, áður en hún er endursend.
Þegar póstkrafa fylgir sendingu, má eigi nota þann dálk eyðublaðsins,
sem ætlaður er fyrir frímerki, heldur aðeins þegar póstkrafan fylgir eyðu-
blaðinu einu. Aftari helming eyðublaðsins skal ætíð klippa frá og afhenda
viðtakenda, þegar póstkrafan er borguð. Sendandi má nota aftari helm-
ing alveg eins og afklipping á póstávísun.

Sendingar, sem póstkröfur hvila á, skulu vera útbúnar eftir
venjulegum reglum, og auk þess verður að skrifa á þær, að póstkrafa
hvili á þeim, og upphæð póstkröfunnar. Engar ústrikanir eða leið-
rjettingar mega eiga sjer stað, að því er upphæðina snertir. Áteiknun
þessi skal, þegar um böggla er að ræða, skrifuð bæði á fylgibrjefið og
böggulinn, við hliðina á utanáskriftinni.

10 gr.

Póstinnheimtur.

Póstinnheimtur nefnast þau störf póststjórnarinnar, þegar póst-
maður samkvæmt umboði eða ósk kröfuhafa tilkynnir eða sýnir skuldu-
naut skuldakröfu, tekur á móti borgun á henni og kemur fjenu til
eigandans.

Póstinnheimtu má nota við allar kröfur, sem eiga að greiðast án
kostnaðar, svo sem kvittanir, víxla, tjeikka, vaxtamiða, arðmiða o fl.
Stimpilskyld skjöl eiga að vera stimpluð.

Póststjórnin annast ekki afsagnir á kröfum, er eigi eru borgaðar,
eða nauðsynlega málssókn, en afhendir skjölin öðrum manni sje þess
óskað, t. d. málafærslumanni.

Póststofur og póstafgreiðslur annast póstinnheimtur alt að 1000
kr. að fjárhæð, en sá, sem vill fá kröfur innheimtar af póststjórninni,
verður sjálfur að senda þær í ábyrgðarbrjefi til pósthúss þess, sem á að
innheimta þær.

Utan á umslagið skal skrifað greinilega orðið »Innheimta«
og nafn og heimili sendanda fyrir utan nafn pósthússins, sem á að
innheimta.

Finnist slík brjef í brjefakassa óbörguð eða ónóg borguð, skulu þau eigi flutt með pósti, heldur afhent sendanda.

13
25. mars

Í innheimtubrjefið má leggja fleiri kröfur frá sama sendanda eða kröfuhafa, sem innheimtast eiga á sama stað hjá sama eða alt að 5 mismunandi skuldunautum og sem allar eru fallnar í gjalddaga eða falla í gjalddaga sama daginn.

Skuldakröfur í einu brjefi mega eigi nema meiru samtals en 1000 krónum.

Kröfurnar skulu skrifaðar á innheimtuskrá eftir fyrirmælum póststjórnarinnar.

Hver krafa skal borguð að fullu, en póstmaður má eigi taka á móti afborgun á henni.

Um innheimtubrjef gilda sömu reglur og um önnur brjef hvað snertir stærð, þyngd og burðargjald.

Þegar krafan eða kröfurnar eru greiddar, skal fjárhæðin send kröfuhafa eða skuldareiganda í póstávisun að frádregnum öllum kostnaði, sem er burðargjald undir póstávisunina, póstinnheimtugjaldið og stimpilgjald, ef það á að greiðast og hafi það eigi verið greitt.

Burðargjaldið er venjulegt póstávisunargjald. Innheimtugjaldið er 25 aurar fyrir hverja innheimta kröfu, 15 aurar fyrir hverja óinnheimta kröfu.

Efst á innheimtuávisunina skal greinilega skrifað »Innheimta« og frímerki límd á hana, bæði fyrir burðargjaldinu og innheimtugjaldinu, en stimpilgjaldið skal límt á hverja kröfu lögum samkvæmt.

Sjeu kröfurnar eigi greiddar innan 14 daga skulu þær endursendar upprunapósthúsinu í ábyrgðarbrjefi ófrímerkту árituðu »Innheimta«, sem skilar þeim aftur kröfuhafa gegn kvittun á aftari helming innheimtuskrárinnar.

11. gr.

Hlutir, sem eigi má flytja með pósti.

Hvaða hlutir það eru, sem bannað er að breiða út og sem að ytra álitu bera með sjer eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi, er komið undir hinum gildandi lögum, en hverjir hinir aðrir hlutir eru, sem samkvæmt 5. gr. póstlaganna má eigi flytja með pósti, verður oft að vera komið undir álitu og sjerstökum atvikum. Hjer skulu tilfærð nokkur dæmi upp á hluti, sem hætta er búin af að flytja.

Sprenghattir hlutir: Púður, skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit, hvellsilfur og þess konar, og allir hlutir, sem þessi efni eru í, eins og skothylki, hvellhettur, efni til flugelda, hlaðin skotvopn o. fl., þó má flytja fjárskot með pósti, þegar búið hefir verið um þau svo sem hjer segir:

13

25. mars svo þjett að skothylkin geti eigi runnið til, þar utan yfir skal vafið tveggja sentimetra þykku lagi af trjeull eða öðru samskonar efni, þá skal aftur koma þykt pappalag svo þjett vafið að innihaldinu að það hristist ekki eða skrölti innan í, en yzt skal notaður sterkur umbúðapappir með utanáskrift viðtakanda og greinilegri áletrun »Fjárskot. Varlega«. Böggullinn skal krossreyrður með sterku snæri eða bandi og endunum á því hnýtt fast saman.

Eldfimir hlutir: Fosfór, nafta, steinolia, eter, klórsúr sölt og slíkt, ennfremur allir þeir hlutir og samsetningar, sem þessi efni eru í, eins og eldspítur, bensín, ljósvökvi o. fl.

Etandi hlutir: Saltsýra, saltþjetursýra, skeiðvatn, brennisteinsýra, vitriololia og þess konar.

Lifandi dýr má eigi flytja með póstum.

Póstþjónar geta krafist þess, að sendandi gefi skriflega skýrslu um innihald sendingar og opni hana, ef ástæða þykir til, svo að sannað verði, að engin hættu sje búin af að flytja hana. Neiti sendandi þessu, er pósthúsinu heimilt að færast undan að taka sendinguna til flutnings.

Hafi hlutir þeir, sem eigi má flytja með póstum, verið teknir til flutnings, getur póststjórnin krafist þess, að sendandi sækji þá þegar í stað, ef eigi ber nauðsyn til að eyða þeim þá þegar. Verði sendandi eigi fundinn, eða leiði hann hjá sjer að verða við áskorun póststjórnarinnar um að sækja hlutina, skal annaðhvort selja þá eða eyða þeim. Þegar svo er ástatt, er sendandi skyldur til að greiða fullt burðargjald fyrir sendinguna að svo miklu leyti, sem andvirði það, sem fæst fyrir hlutina við söluna, eigi hrekkur til.

Ákvæði um burðargjald og aðrar póstgreiðslur.

12. gr.

Burðargjald fyrir utansveitar og utanbæjarsendingar.

Burðargjald fyrir sendingar þær, sem fara um fleiri en eitt pósthús, er ákveðið í 11. gr. póstlaganna og sama burðargjald gildir fyrir brjefasendingar, sem settar eru í brjefakassa á skipum og vögnum.

13. gr.

Burðargjald fyrir innansveitar og innanbæjarsendingar.

Það eru sendingar, sem látnar eru á pósthús, til þess að þeim verði skilað þar móttökumönnum, sem eiga heima í sjálfu umdæmi þess pósthúss og sem sækja þangað.

Burðargjaldið fyrir þær er sem hjer segir:

13
25. mars

I. Brjefasendingar:

- a. almenn brjef, alt að 500 grömm á þyngd þegar borgað
er undir fyrir fram alt að 125 grömm 10 aurar
yfir 125 grömm að 250 grömm 20 —
yfir 250 grömm að 500 grömm 40 —
Burðargjald undir þyngri brjef er helmingur venjulegs burðargjalds.
Brot úr eyri telst sem heill eyrir.
- b. brjefspjald 8 aurar
brjefspjald með borguðu svari 16 —
Sjeu frimerki eigi viðhöfð eða eigi næg frimerki, skal auk hins
ögreidda burðargjalds taka 10 auru fyrir hverja sendingu, þó ekki
meira en burðargjaldið tvöfalt.
- c. prent og sýnishorn af vöru fyrir hver 50 grömm 4 aurar
Ábyrgðargjald fyrir sendingar þær, sem nefndar eru undir a., b.,
og c. er 30 aurar.

II. Brjefasendingar án utanáskriftar.

1. Pósthúsin geta tekið á móti brjefasendingum til útbýtingar innan umdæmis síns, það er að segja innan umdæmis viðtökupósthússins, þótt sendingarnar hafi eigi utanáskrift til neins ákveðins viðtakanda, svo sem umburðarbrjef eða þesskonar.

Sendingarnar verða að vera allmargar afhentar í einu til alment þektra flokka viðtakenda, t. d. til allra húsráðenda í umdæmi viðtökupósthússins eða húsmæðra eða þá verslana o. s. frv.

2. Utan á sendingunum skal sjást til hvaða flokka viðtakenda sendingarnar eiga að fara, og þær verða að vera þannig lagaðar að hægt sje að setja þær í brjefakassa viðtakenda.

3. Sendingar þessar skal afhenda á pósthúsinu samkvæmt undanfarinni skriflegri tilkynningu, sem segi til um tölu þeirra, og skal burðargjaldið greitt um leið.

Burðargjaldið er eins og segir undir a.—c. að fráðregnum 10%. Sendingarnar eru eigi frimerktar sjálfar, en sendandi fær kvittun fyrir greiðslu burðargjaldsins og skal á hana líma frimerki fyrir því, en frimerkin stimplast áður en kvittunin er afhent.

Samkvæmt umtali milli sendanda og útbýtingarpósthússins má hann senda því sendingarnar í fullfrimerktum böggli eða brjefi, þegar burðargjaldið fylgir t. d. í póstaðvísun.

4. Eintök, sem eru umfram, skulu eigi send sendanda, en skulu geymd í 14 daga frá því þau eru sett á póst. Sjeu eintökin eigi sótt innan þessa frests, skal ónýta þau.

13

25. mars

III. Penningabréf.

Burðargjald eins og fyrir almenn bréf.

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talning, eins og segir í 11. gr. í póstlögunum.

IV. Böggla.

50 aurar fyrir hvern böggul.

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talningu er hið sama og fyrir peningabréf.

Undir fylgibréf skal nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

Að öðru leyti skulu reglur þær, sem póstlögin og reglugjörð þessi setja, einnig gilda um sendingar þessar, þar sem eigi er annars getið.

14. gr.

Reglur um notkun á aukaburðargjaldi.

Aukaburðargjald það, sem 11. gr. í póstlögunum síðasta lið tiltekur, um peningabréf og böggla, skal tekið:

Þegar munir þessir eru endursendir, af því að þeim verður ekki komið til skila.

Þegar þeir endursendast eða sendast lengri veg, af því að sendandi óskar þess, áður en þeir eru afhentir móttakanda.

Þegar þeir eru sendir lengri veg, af því að hlutaðeigendur á hinum fyrsta ákvörðunarstað óska þess, og bæta við utanáskriftina nafni á öðru pósthúsi.

Þegar þeir, eftir að vera endursendir og áður en þeir eru fengnir sendanda í hendur, eru sendir að nýju samkvæmt ósk hans.

Aukaburðargjald legst á peningabréf og böggla, þegar breytingin á utanáskriftinni er einungis í því fölginn, að annað pósthús er gjört að ákvörðunarstað, aftur á móti er eigi hægt að senda böggla og peningabréf lengri veg með aukaburðargjaldi, þegar breytt er um móttakanda.

Aukaburðargjald skal heimta í hvert skifti, sem böggull eða peningabréf er endursent eða sent lengri veg.

Brjefasendingar, sem endursendast eða afgreiðast til annars staðar, eru eigi aukaburðargjaldi undirorpna. Til þess að geta notið þessara hlunninda, verður að skila sendingum þessum aftur á hlutaðeigandi pósthús, hafi þær verið afhentar, en það má ekki kasta þeim í póstbrjefakassa, og sje það gjört, skal skoða þær sem settar á pósthús að nýju.

Þegar brjefasendingar, peningabréf og böggla eru afgreiddir á ný og fara yfir svæði þar sem hærri burðargjald skal taka en á því

svæði, sem sendingunni upphaflega var ætlað að fara um, skal telja **13** burðargjaldið, jafnt mismuninum, þar á milli og því bætt við aukaburð- 25. mars argjaldið, ef sendingin er þess eðlis (peningabryf eða böggull), að það á að leggjast á hana. Þessari reglu skal beitt þannig, að þegar borgað hefir verið undir sendinguna að fullu fyrirfram fyrir það svæði, sem hún upphaflega átti að fara um, skal heimta mismuninn á milli þess burðargjalds, sem þegar hefir verið borgað og þess burðargjalds, sem á að borga fyrir fyrirframborgaðar sendingar frá móttökupósthúsinu til hins nýja pósthúss, sem hún síðar er send til. Hafi sendingin upprunalega verið send óborguð eða ónóg borguð, þá skal heimta burðargjaldið, eins og fyrir óborgaðar sendingar milli þessara staða, auðvitað að frádregnu andvirði þeirra frimerkja, sem notuð hafa verið.

Bæði þetta burðargjald og aukaburðargjaldið, þegar sendingin er send á nýjan ákvörðunarstað, skal heimtað af móttakanda, hafi það ekki verið borgað fyrirfram af þeim, sem óskaði að sendingin væri afgreidd á annan stað.

15. gr.

Borgun á burðargjaldi.

Sendingar þær, sem samkvæmt 12. gr. póstaganna skal borgað undir fyrirfram, má eigi taka til flutnings með póstum, nema það sje gjört. Hafi slíkar sendingar komist í hendur póststjórnarinnar, skal með þær farið sem sendingar, sem eigi hafa komist til skila (22. gr.)

Hafi sending verið afhent á einhverju pósthúsi og hún er eigi nægilega frimerkt, af því að póstpjónn sá, sem tekið hefir á móti henni, hefir reiknað burðargjaldið skakt, þá má eigi heimta það, er á vantar, af móttakanda.

Ákvæðið í 12. gr. póstaganna um að bryf, sem eitthvað er ritað að utan á, svo að móttakandinn geti ályktað af því, hvað þau hafa að innihalda, skuli borga undir fyrirfram, skal beitt þannig, að sjerhver áteiknun, fram yfir kveðjuna, nafn sendanda, stöðu og bústað, skal álitid ritað, svo að móttakandi geti ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Skyldan til að borga eftirá ógoldna póstpeninga, er getur um í 12. gr. póstaganna síðasta lið, hvílir á öllum öðrum en konungi og konungsættingjum, stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum þeim, sem getur um í 1. og 8 gr. í reglugjörð um meðferð á sendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum.

Skylda þessi kemur til greina, þegar sendingin hefir eigi komist til skila og er endursend óskemd að utanverðu, og sendanda er gefinn kostur á að taka við henni aftur.

Hann getur ekki komist hjá borgunarskyldunni með því að breyta um utanáskrift á sendingunni, og póststjórnin er heldur ekki skyldug til að selja sendinguna, til að taka borgunina af andvirðinu.

13

25. mars

16. gr.

Frimerki.

Fyrir flutning með póstum á munum þeim, sem ræðir um í þessum kafla, er einungis hægt að borga fyrirfram með frimerkjum eða brjefspjöldum, sem pósthjórinn gefur út, en eigi með dönskum eða útlendum frimerkjum.

Allar aðrar pósthgreiðslur, sem 11. gr. í pósthlögunum ræðir um, nema vanborgað burðargjald, skal borga í peningum. Hin gildandi frimerki eiga að vera til sölu á pósthstofum og pósthafgreiðslustöðum öllum, bæði einstök og í hundruðum.

Á brjefhirdingarstöðum eiga að vera til sölu að minsta kosti 1, 5, 10 og 20 aura frimerki; brjefhirdingamenn eru og skyldir til, þegar þess er krafist og borgað er fyrirfram, að útvega með fyrsta pósti frimerki þau, sem þeir hafa ekki til, annaðhvort hjá pósthstofu eða pósthafgreiðslustað.

Það, sem goldið hefir verið fyrir frimerki, borgar pósthjórinn ekki aftur gegn því, að frimerkjum sje skilað aftur; en ef frimerkin hafa ekki verið notuð og þau eru ósködduð og alveg hrein, má heimta, að höfð sjeu skifti á þeim og öðrum frimerkjum, sem hafa sama verð. Fyrir slík skifti skal borga 5% af verði frimerkjanna; brot úr eyri telst sem heill eyrir.

Frimerki verða ekki tekin gild, ef þau eru óhrein eða líta út, eins og þau hafi verið brúkuð.

Sá, sem vill fá skift óbrúkuðum en óhreinum eða skemddum frimerkjum, verður að sækja um það til pósthjórinnar.

Frimerki má klippa út úr spjaldbrjefum og nota eins og önnur frimerki, sömuleiðis má líma frimerki á spjaldbrjef, til þess að borga undir þau meira, en þau upphaflega hafa verið gefin út fyrir.

Pósthjórinn greiðir ekkert endurgjald fyrir frimerki, sem um of eru límd á sendingu, en verði því viðkomið skal eigi ónýta þau.

Frimerki skal setja á brjefasendingar að framanverðu (utanáskriftar megin) í efra hornið hægra megin; samt verða þau frimerki tekin gild, sem sett eru annarsstaðar á sendingarnar að framanverðu. Einstöku sinnum má þó breyta út af þessu, ef rúm vantar á framhliðina, og taka einnig gild frimerki, sem límd eru á bakhlið sendingarinnar, þegar pósthmaður sá, sem sendir hana á stað, tekur eftir þeim, þó eigi sjeu þau límd á afklippinga á pósthávísunum eða línur þær, sem pósthmenn eiga að skrifa í, og sama gildir um pósthkröfueyðublöðin; auk þess skal það sjerstaklega athugað, að frimerki má alls ekki líma á pósthkröfueyðublöð þegar sending fylgir þeim, heldur á sendinguna eftir venjulegum reglum, sbr. 9. gr.

Póstmenn skulu segja almenningi til um notkun frimerkjanna og **13** um það hvernig þeim skuli koma fyrir, en eigi eru þeir skyldir til að **25. mars** líma frimerki á sendinguna fyrir þá, sem senda.

17. gr.

Ýmsar póstgreiðslur.

Póstkvittanir.

Pósthúsin fá eyðublöð undir þær og fylla þau út nákvæmlega með bleki eins og þau sjálf gefa leiðbeining um. Samkvæmt því á að taka fram á kvittuninni nafn móttakanda og ákvörðunarstað, tegund sendingarinnar og verðið, ef um verðsending er að ræða, viktina (þó aðeins á bögglum og peningabrjefum), hvort í peningasending hafi verið talið, verð álimdra frimerkja, það sem borgað er í peningum, og daginn, sem kvittunin er útgefin. Auk þess skal tilfæra nafn sendanda á kvittunina ef hann óskar þess.

Sje óskað eftir kvittun í póstkvittanabækur, sem 15. gr. póstlaganna getur um að póststjórnin fyrirskipi, á sendandi að skrifa í dálkana fyrir hverja einstaka sendingu, eins og leiðarvísir í bókunum sjálfum mælir fyrir, þannig að á upphæðinni sjeu engar breytingar gjörðar.

Hafi þetta eigi verið gjört, skal póstþjónn sá, er veitir sendingunni móttöku, bæta úr því, sem á vantar, og má þá heimta venjulegt póstkvittunargjald fyrir hverja sendingu, nema sendandi vilji gjöra það sjálfur. Póstkvittanabækur gegnumdregnar og innsiglaðar eiga að vera til sölu á póststofum og póstafgreiðslustöðum.

Brjefhirðar eiga að útvega þessar bækur frá næstu póstafgreiðslu, ef þess er óskað.

Póstkvittanabækur, sem gefnar eru út af einstökum mönnum eða í útlöndum, verða eigi teknar gildar.

Pósthúsin eru skyld til að gefa póstkvittanir á eyðublöð þau, sem til þess eru ætluð, gegn því, að gjald það, sem ákveðið er í 15. gr. póstlaganna sje borgað fyrirfram. Þau eru og skyld til að gefa út fleiri samrit af kvittunum þessum sje þess óskað, gegn ákveðinni borgun fyrir hvert.

Póstkvittanir má heimta fyrir sendingar, sem hafa verið afhentar áður, en þá verður sendandi að gefa fullnægjandi upplýsingar um sendinguna og utanáskriftina, og um það, hvenær sendingin var afhent til flutnings.

Pósthúsin geta gefið kvittanir fyrir fleiru, svo sem frimerkja-kaupum og öðru gegn 5 aura gjaldi fyrir hverja.

- 13** Ýmislegt, sem pósthúsin gjöra til þess að sendingar, sem afhentar eru til
25. mars flutnings með póstum, verði svo útbúnar, sem fyrirskipað er.

Til þess má einkum telja það, sem hjer segir:
að skrifa utan á póstsendingar að nokkru eða öllu leyti,
að leggja til lakk, sem þarf, til þess að setja á böggla og peningabrjef
fyrirskipuð innsigli,
að slá utan um peningabrjef og skal þar með talið að skrifa utan á það
og setja lökkinn fyrir, en umslag borgar sendandi þar að auki, ef hann
ekki leggur það til sjálfur.

Þetta, sem hjer er talið, skulu póstpjónar því að eins gjöra, að
sendandi óski þess.

Borgunin skal talin fyrir hverja sendingu og fyrir lakk undir
hvert innsigli (sbr. póstlög 15. gr.) og skal greidd fyrirfram í peningum,
en má þó heimta eftir á af móttakanda fyrir sendingar þær, sem finnast
í brjefakössum eða sem þurfa lagfæringar við á leiðinni. Breyting sú
á utanáskriftinni, sem verður nauðsynleg, þegar sending skal senda lengra,
skal gjörð ókeypis.

Staðfesting á innihaldi póstsendinga.

Sendandi meðmælingarbrjefs eða verðbrjefs getur um leið og
sending er afhent á póst, annaðhvort póststofu eða póstafgreiðslu, krafist
þess að eftirrit af eða útdráttur úr skjali, sem óskast sent innani send-
ingunni, sje af viðtökupósthúsinu útbúið með staðfesting um að samhljóða
skjal eða sje um útdrátt að ræða, þá skjal, sem þetta sje rjettur útdráttur
úr, hafi verið sent viðtakanda í umræddri sendingu.

Bæði skjalið og eftirritið verður þó að vera á því máli og með
þesskonar lettri að pósthúsið eða póstmennirnir geti fengið fullvissu um
samræmið milli hvorutveggja.

Borgun fyrir staðfestinguna, sem skal greiðast fyrirfram, er 10
aurar fyrir hverjar 10 línur af skjalinu eða þeim hluta skjalsins, sem
útdrátturinn nær yfir, þó aldrei minni en 25 aurar.

Borgun þessa skal líma á eftirritið eða útdráttinn í frímerkjum,
sem eiga að stimplast af viðtökupósthúsinu.

Útburður brjefa með hraðboða.

Á þeim stöðum þar sem daglegum útburði á brjefum hefir verið
komið á fót fást sendingar bornar út til viðtakenda með hraðboða, gegn
50 aura gjaldi fyrir hverja. Á öðrum póstafgreiðslustöðum fást send-
ingar bornar til viðtakenda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að
fara, gegn 60 aura gjaldi fyrir hvern kílómetra frá pósthúsinu að telja.

Borgunin gengur til þess pósthúss, sem sendir hraðboðann. Borg- **13**
un þessa má greiða í frímerkjum. Þegar pósthús, sem tekur við hrað- 25. mars
boðabrjefi, getur ekki ákveðið upphæðina, má það heimta trygging af
sendanda fyrir greiðslu hennar.

Ýmislegt annað, er pósthúsin geta tekið að sjer að gjöra.

Má þar á meðal telja:

- að búa um böggla og leggja til efni í umbúðirnar;
- að breyta böggulsendingum í krossbandssendingar;
- að leggja mönnum til pósthólf og raða póstsendingum í þau;
- að setja póstsendingar í sjerstakar töskur, sem hlutaðeigandi leggur til,
og taka þær úr þeim og geyma lykil að töskunum;
- að senda brjef til móttakanda á kostnað hans;
- að lána frímerki, óborgað burðargjald á sendingum og aðrar póstgreiðslur
og halda reikning yfir það.

Borgun fyrir þessi störf og hin nánari skilyrði fyrir framkvæmd
þeirra, er komin undir samningum milli pósthússins og hlutaðeigenda.

Meðferð þeirra póstsendinga, sem taldar eru í þessum kafla,
meðan þær eru í vörslum póststjórnarinnar.

18. gr.

Hvernig póstsendingum skal koma á póst.

Brjefasendingar.

Munum þeim, sem teljast undir laus brjef, má koma á póst með
því, að afhenda þá á pósthús og setja þá í póstrjefakassa.

Frá þessari reglu eru þó tvær undantekningar.

1. Brjefasendingar, sem hafa verið afhentar, en síðar eiga annaðhvort
að endursendast eða afgreiðast á annan stað, skal afhenda á póst-
húsum, til þess að þær verði fluttar ókeypis. Finnist slíkar send-
ingar í póstrjefakassa, skal með þær farið, eins og þær hafi verið
sendar með pósti að nýju (14. gr.)
2. Endurrit gjörð með hektógraf, trypógraf og á líkan hátt, skulu afhent
á pósthúsum, 20 samhljóða sendingar í einu minst, til þess að þau
verði flutt sem prentað mál (5. gr.)

Brjefasendingar, sem á að flytja með ábyrgð eða bera út með hrað-
boða skal afhenda á pósthúsi á löglegan hátt. Finnist brjefasendingar í
póstrjefakössum með meðmælingaráteiknun, án þess að vera með nógum
frímerkjum, skal eigi taka neitt tillit til áteiknunarinnar, heldur skal

13 með þær farið sem almenn brjef laus; sjeu brjef þessi nægilega frimerkt
 25. mars verður farið með þau sem ábyrgðarbrjef, ef þeim er veitt eftirtekt, annars leggst engin ábyrgð á póststjórnina, þótt þær verði fluttar, eins og almenn brjef.

Brjef með hraðboðaáteiknun (express), sem finst í póstbrjefakassa, skal farið með sem alment brjef, ef það er eigi nægilega frimerkt til að borga lægsta stig af hraðboðagjaldi, 50 aura og 60 aura.

Annars skal senda það sem hraðboðabrjef til ákvörðunarpósthússins sem sker úr, hvort brjefið sje nægilega frimerkt, til þess að það sje flutt með hraðboða, og sje það ekki, skal með það farið sem alment brjef.

Peningabrjef og bögglar.

Þessar sendingar skal ætíð afhenda á pósthúsi.

Finnist peningabrjef í póstbrjefakassa og sje í því ástandi, að það verði flutt með póstum, skal með það farið sem peningabrjef. Sje því að einhverju leiti ábótavant, t. d. að utanáskrift og innsigln, skulu póstþjónar bæta úr því, en borgun fyrir það skal heimta af móttakanda. Póststjórnin ábyrgist ekki, að sendingar, sem eru þannig ólöglega afgreiddar af sendanda, verði fluttar með póstum eftir sömu reglum og peningabrjef.

Finnist smábögglar í póstbrjefakössum nægilega frimerktir, skal flytja þá sem böggulsendingar, og að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og fyr er sagt um peningabrjef. Sjeu þeir aftur á móti ófrimerktir eða ónóg frimerktir, skulu þeir eigi fluttir með pósti, heldur farið með þá eins og sendingar, sem eigi verður komið til skila.

Hafi bögglar verið ranglega afgreiddir sem brjef, skal það pósthús, sem fyrst tekur þá til meðferðar sem böggla, gefa út fylgibrjef o. s. frv., en móttakandi borgar.

Hið sama gildir um ábyrgð póstsjóðs á böggllum, sem komast í hendur póststjórnarinnar á þennan hátt, eins og segir um peningabrjef, sem finnast í póstkössum.

Hvenær peningabrjef og bögglar skulu afhentir, skal skírskotað til þess sem segir í I. kafla.

Í 6. og 7. gr. í þessum kafla er það tekið fram, hvernig böggla og peningabrjef skulu úr garði gjörð, til þess að þau verði flutt með pósti; þar er þess og getið, að böggla megi flytja á ábyrgð sendanda, þótt eigi fullnægi þeir settum skilyrðum; það gildir þó eigi um peningasendingar.

Því skal hjer bætt við, að þótt brjefhirðingarstaður hafi tekið við peningabrjefi eða böggli, geta póststofur eða póstaafgreiðslur gjört hvorttveggja afturreka, sje það eigi afgreitt af sendanda hálfu, svo sem fyrirskipað er.

Talning sú á innihaldi í peningabrjefum og verðböggjum, sem 13
 11. gr. b. og c. í póstlögunum ræðir um, verður því að eins heimtuð, að 25. mars
 innihaldið sje í íslenskum peningum eða peningaígildi o. fl. og sendandi
 hafi tilfært fulla upphæð innihaldsins á peningabrjefið eða böggulinn
 og fylgibrjefið. Hafi sendingin inni að halda útlenda peninga, og pen-
 ingaígildi eða verðbrjef, sem hljóða á útlenda peninga, eru póstpjónar
 eigi skyldugir að telja, en mega gjöra það, ef þeir geta dæmt um, að
 hið tilgreinda verð sje samhljóða innihaldinu.

Hvernig verðið skuli tilfært, þegar svo stendur á, skal skirskotað
 til þess, sem sagt er í 6. og 7. gr. í þessum kafla.

Sá, sem heimtar talið í peningabrjefi eða böggli, þegar hann af-
 hendir það, getur heimtað, að talningin fari fram á þann hátt, að hann
 geti sjeð alt, sem gjört er við sendinguna, þó getur enginn heimtað, að
 honum sje hleypt inn í sjálft afgreiðsluherbergið eða inn fyrir disk í því.

Póstávisunum verður að skila á pósthúsi, og verða þær alls eigi
 fluttar með póstum, þegar þær finnast í póstbrjefakassa. Hvenær póst-
 ávisunum skal skilað, visast til þess, sem sagt er í 2. gr., en í 8. gr. er
 sagt, hvernig þær skuli úr garði gjörðar.

Í 9. gr. er skýrt frá, hvernig póströfum skal koma á póst.

Allar sendingar, sem taldar eru í þessum kafla, skulu, sje þeim
 skilað á pósthúsi, afhentar í herbergi því, sem sjerstaklega er ætlað til
 afgreiðslunnar, í hendur einhvers póstpjóna þeirra, sem viðstaddir eru.
 Sje beðið um kvittun fyrir sending, sem afhent er á póst, má sendandi
 krefjast þess, að honum sje gefin upplýsing um heimild póstpjónsins til
 að undirskrifa kvittunina.

19. gr.

Hvernig póstsendingum skal leiðbeint.

Póstsendingar skal flytja frá þeim stað, þar sem þeim er skilað
 til flutnings, með fyrsta pósti (á landi eða sjó), sem hægt er, samkvæmt
 reglum þeim, sem settar eru um það, hvenær þeim skuli skilað í síðasta
 lagi og hvenær póstbrjefakassar eru tæmdir og eftir því, hverskonar
 sendingar má senda með þeim pósti.

Þegar nefndur er fyrsti póstur, skal taka tillit til þess, með hvaða
 pósti sendingar koma fyrst til pósthúss þess, sem þær eiga að fara til.

Hið sama gildir venjulega einnig um sendingar, sem koma
 frá öðrum pósthúsum, að þær eiga að fara með fyrsta pósti eða sama
 pósti áleiðis.

Út af reglum þessum verður þó að bregða um sumar tegundir
 sendinga, þegar ísár eru og ófærð á vörum (3. gr.).

Póstsendingar skal flytja þá leið, sem póstjórnin leggur pósthús-

13 unum fyrir, nema því að eins að sá, sem sendir, riti á sendinguna, að
25. mars hún skuli fara aðra leið, og skal þá þessu fylgt, svo sem unt er.

Bögglar, sem eigi eru nægilega frímerktir, til að sendast með landpósti, verða fluttir með póstskipum á næsta viðkomustað við heimili móttakanda, en ekkert með landpóstum, þó á fylgibrjefinu og bögglinum standi: *landveg*.

20. gr.

Breytingar á því, sem sendandi hefir ákveðið um flutning póstsendinga.

Meðan sending, sem skilað er til flutnings, er í vörslum póststjórnarinnar, getur sendandi gjört breytingar á því, sem hann hefir áður ákveðið um hana. Hann getur fengið sendinguna aftur, eða látið flytja hana á annan stað og til annars manns, en tiltekið var í upphafi, ef þessu verður við komið, án þess það verði afgreiðslu póstsins til fyrirstöðu og hann geti helgað sjer sendinguna.

Pósthúsið getur þar að auki heimtað kvittun fyrir því, að sendingunni sje skilað aftur, nema því að eins, að þess þurfi eigi við fyrir þá sök, að kvittun þeirri, sem póststjórnin hefir áður gefið, verði skilað aftur.

Ef sendingunni er skilað aftur, áður en hún er komin á stað frá pósthúsi því, þar sem hún var afhent, skal aðeins endurgoldið það, sem borgað var fyrir frímerki, og því að eins að ekki sje búið að setja frímerki á sendinguna fyrir sama verð. Frímerki, sem búið er líma á, en eigi þegar eru ónýtt, skal ekki ónýta, þegar sendingunni er skilað aftur. Þegar það annars kemur fyrir, að sendingu sje skilað aftur, skal sá, sem sendir, greiða fult burðargjald.

21. gr.

Afhending póstsendinga til móttökumanna.

Sendingar þær, sem póststjórnin hefir tekið til ráðstöfunar, skal hún láta flytja til þess pósthúss, sem vísað er til, og skal skila þeim móttökumanni eða umboðsmanni hans. Póstmenn mega afhenda póstsendingar á öðru pósthúsi en á ákvörðunarpósthúsinu, samkvæmt ósk móttökumanns eða umboðsmanns hans.

Sömuleiðis mega þeir láta bera sendingar heim til móttökumanna, og afhenda þær eða leggja ábyrgðarlausar sendingar niður í brjefakassa á bústað hans.

Hverjum skal skila póstsendingum.

13

25. mars

Yfir höfuð skal skila póstsendingum eftir því, sem utanáskriftin segir til. Þó má skila þeim öðrum samkvæmt 24. gr. póstlaganna, og skal ætíð gjört, þegar dómsúrskurður leggur svo fyrir. Að öðru leyti gildir það, sem hjer segir um afhending póstsendinga.

Ef vísað er á sendingunni til fleiri, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal.

Sendingar, sem eftir utanáskriftinni vísa til fjelaga, stofnana, stjórna, embætta o. s. frv., skal afhenda aðalforstöðumanni, nema hann gagnvart póststjórninni hafi óskað annars.

Sje enginn aðalforstöðumaður en fleiri jafnir, má afhenda sendingarnar hverjum þeirra sem vera skal, nema að annars hafi verið krafist.

Almennar »poste restante« brjefasendingar, þar sem utanáskriftin er að eins bókstafir, tölur eða merki, má afhenda þeim, sem getur sagt nákvæmlega um merki sendingarinnar og hvaðan hún hefir verið send. Sje það efasamt til hvers sendingin á að fara, af því að fleiri eru með sama nafni, má hlutaðeigandi pósthús láta einhvern af þeim, sem haldið er að vísað sje til, opna sendinguna í viðurvist póstpjóns, til þess að reyna af staðsetningu, dagsetningu eða undirskrift að fá vissu fyrir, hver sje rjettur móttakandi.

Ef póstmaður þekkir eigi móttakanda, getur hann krafist þess, að hann færi sönnur á það með vottorði áreiðanlegs manns, sem póstpjónninn þekkir annaðhvort munnlega eða skriflega, að hann sje hinn rjetti móttakandi, en póstmenn mega láta sjer nægja að hlutaðeigandi sýni brjef eða nafnmiða, sem beri með sjer, að hann sje sá, er hann segir eða færi líkur að því á annan hátt.

Skilríkisspjald er fullgild heimild til að fá afhentar póstsendingar á pósthús. Skilríkisspjald getur hver maður fengið á póststofum og póstafgreiðslum, en til þess þarf póstmaður, sem lætur af hendi skilríkisspjald, að þekkja manninn eða fá fulla trygging fyrir að hann sje sá, sem hann segir. Hlutaðeigandi karl eða kona, verður að hafa með sjer ljósmynd vel líka til að líma á skilríkisspjaldið og skal skrifa nafn sitt á það. Skilríkisspjaldið gildir í þrjú ár og kostar 80 aura, sem límast á það í frimerkjum og stimplast. Eigandi skilríkisspjalds ber alla ábyrgð á því tjóni, sem kann að hljótask af því, ef óviðkomandi maður nær í skilríkisspjald og notar það á sviksamlegan hátt.

1. Póststjórnin er ekki skyld að skila ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og böggulsendingum fyr en hún hefir fengið kvittun hins rjetta móttökumanns eða umboðsmanns hans.

Kvittun þessa má heimta annaðhvort með því móti, að móttökumaður riti nafn sitt með bleki í bækur póststjórnarinnar á þeim stað,

13

25. mars

sem til þess er ætlaður, eða þannig að móttökumaður sjálfur gefi lausa kvittun.

Ef ekki er skrifað undir í auglýsingu þess póstmanns, er lætur sendinguna af hendi, má heimta að tveir vitundarvottar staðfesti undirskriftina.

Þegar móttakandi krefst þess, er póstmaður sá, er afhendir póstsendingu, skyldur til að vera viðstaddur, meðan verið er að rannsaka hið ytra ásigkomulag sendingarinnar. Sjeu umbúðirnar skaddaðar eða beri þær þess merki, að innihaldið hafi skaddast, getur móttakandi krafist þess, að póstmaður sje viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gjörast á sjálfu pósthúsinu. Sjáist engar skemdir á sendingunni, má póstmaður eigi vera við, þegar hún er opnuð og innihaldið rannsakað.

Þegar talið hefir verið í peningasending af póstmanni, getur móttakandi þó heimtað, að póstpjónn sá, sem afhendir sendinguna, sje viðstaddur, meðan talið er í henni, sem skal gjört á sjálfu pósthúsinu.

2. Póstávisanir skal afhenda móttakanda sjálfum eða koma til hans tilkynning um þær.

Póstávisanir geta menn fengið útborgaðar á póststofum og öllum póstaðgreiðslum, þó eigi á þeim tíma, þegar verið er að taka á móti pósti eða afgreiða póst.

Útborgun má þó því aðeins fara fram, að móttakandi skili aftur póstávisunareyðublaðinu með löglegri kvittun, sem skal skrifuð með bleki á bakhlið ávisunarinnar. Póstávisanir má ekki framselja öðrum og póstmaður sá, sem borgar út póstávisun, getur heimtað, að sannað sje, að kvittunin sje gefin af rjettum manni.

Upphæðir póstávisana skulu sóttar svo fljótt, sem því verður við komið, og í síðasta lagi innan mánaðar frá því, að þær komu á ákvörðunarpósthúsið. Hafi móttakandi ekki innan þess tíma sótt peningana, þótt á hann hafi verið skorað, skal endurborga sendanda ávisunina.

Póstávisanir með árituðu »poste restante« skal endursenda, eins og þeim hafi eigi orðið skilað, ef upphæð þeirra er eigi sótt innan mánaðar frá því þær komu á pósthúsið. Hafi móttakandi glatað póstávisun verður hann að biðja ákvörðunarpósthúsið um að útvega eftirrit af þeirri upprunalegu póstávisun og borga um leið einfalt brjefburðargjald, en eftirritið skal flutt með póstum án kostnaðar fyrir sendanda eða móttakanda.

Útborgunarpósthúsið skal áður en það borgar út samkv. slíku eftirriti, rannsaka nákvæmlega hvort frumritið hefir verið borgað út áður eða áframsent á annað pósthús til útborgunar þar. Sje svo má ekki borga út samkvæmt eftirritinu, heldur skal senda það til póststjórnarinnar með nauðsynlegum skýringum. Sjerhvert eftirrit af

póstávisun verður að hafa greinilega áletrun um, að það sje *eftirrit*, 13
og er það á ábyrgð innborgunarpósthússins að svo sje«. 25. mars

Hafi viðtakandi glatað símapóstávisun, getur hann fengið eftirrit af henni hjá símastöðinni, ef útborgunarpósthúsið biður um það skriflega og setur innsigli sitt undir.

Póstávisun má ekki útborga hafi frímerki verið rífn af henni, nema viðtakandi skili þeim aftur ásamt ávísuninni, eða lími á hana íslensk frímerki jafnmikils virði og þau, sem hafa verið tekin af henni.

Ef aðkomin póstávisun ber þess merki, að frímerki hafi dottið af henni, eða verið rífið af, má ekki afhenda viðtakanda ávísunina fyrir en hlutaðeigandi póstaður hefir skrifað á hana: »Hingað komin með vantandi frímerki«, og sett nafn sitt og póststimpilinn undir.

3. Áður en upphæð póströfu er borguð, má sending sú, sem fylgir henni, alls eigi afhendast, og viðtakandi má ekki opna hana nje á neinn hátt fá að vita, hvað í henni er. Póströfueyðublað má sýna viðtakanda, hvort sem sending fylgir eða ekki, svo að hann geti fengið að vita, hvaðan sendingin er komin og frá hverjum, en hann má hvorki fá eyðublaðið sjálft eða aftari helming þess, fyrir en hann hefir borgað póströfuna að fullu. Þegar viðtakandi borgar skal bæði afhenda honum sendinguna og aftari helming eyðublaðsins.

Að öðru leyti gilda sömu reglur um skil á póströfusendingum eins og öðrum sendingum, þannig að kvittun skal taka af viðtakanda fyrir ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og böggjum, en ekki fyrir almennum brjefum, þótt póstkrafa hvíli á þeim.

Viðtakendum skulu tilkynntar póströfur og frá hverjum þær sjeu, en hafi þeir eigi greitt þær innan hálfsmánaðar (mánaðar þegar um poste restante sendingar er að ræða) frá því þær komu á pósthúsið, skulu þær endursendar. Annars getur sendandi ákveðið borgunar frest á póströfu skemmri eða lengri, þó ekki lengri en 30 daga frá því hún kemur á ákvörðunarpósthúsið; en hann verður þá að skrifa athugasemd um það á póströfueyðublaðið.

Þegar póströfur eru borgaðar, skal farið með eyðublaðið eða fremri helming þess og útborgun á upphæðinni til sendanda alveg eins og með póstávisanir.

4. Sendingar með óbörguðu burðargjaldi eða ógreiddri borgun fyrir umbúðir o. fl. eru póstmenn eigi skyldir til að afhenda, fyrir en búið er að borga þessi gjöld, sem skulu vera skrifuð með tölustöfum og tiltekin í krónum og aurum framan á sendingunni (á fylgibrjefi þegar um böggul er að ræða). Óborgað burðargjald skal greitt í peningum eða frímerkjum. Póstmenn þeir, er taka í móti slíkri borgum, líma aftan á sendinguna eða fylgibrjefið frímerki fyrir gjaldinu og stimpla þau áður en sendingin er afhent. Hin önnur gjöld skulu greidd í

13
25. mars

peningum. Kærum yfir því að of mikið sje heimtað skal fylgja umslagið eða sú hlið af brjefinu, sem kveðjan er skrifuð á.

Póstsendingum, sem ranglega eru afhentar, má skila aftur á hvert pósthús, sem vera skal.

Pósthúsið borgar aftur það gjald, sem viðtakandi hefir greitt fyrir sendingar, sem það tekur við aftur.

22. gr.

Um meðferð á sendingum, sem eigi verður komið til skila.

Svo má álita að póstsendingu verði ekki komið til skila:

- a. Þegar sá, sem vísað er til, skorast undan að taka við henni;
- b. þegar póststjórnin hefir ekki getað spurt þann upp, sem vísað er til;
- c. þegar sendingar hafa legið 3 mánuði, án þess að vera sóttar.

Þegar um ábyrgðarbrjef, peningabryf, böggla eða póstávisanir og póströfur er að ræða til móttakanda, sem verður eigi spurður upp, skal ákvörðunarpósthúsið láta móttökuhúsið spyrja sendanda um það, hvort hann geti gefið nánari upplýsingar um móttakandann. Geti sendandi gjört það, og vilji hann láta póststjórnina taka til greina upplýsingar hans, verður hann að frímerkja fyrirspurnina með 20 aurum, sem þá skal send ákvörðunarpósthúsinu með fyrsta pósti. Annars skal skoða sendingarnar sem óskilasendingar.

Jafnskjótt og það er álitð, að póstsendingu verði eigi komið til skila, skal hún send aftur á það pósthús, þar sem henni var skilað til flutnings, og skal þess jafnframt getið, á sjálfri sendingunni, hversvegna henni hafi ekki verið skilað.

Óski sendandi óskilasendingar, að hún sje afhent öðrum manni eða send aftur til viðtakanda eða til annars manns, verður hann að borga undir hana aftur eins og nýja sendingu eða eins og hún hafi verið sett á póst að nýju.

Þegar móttakandi neitar að taka á móti sendingu, getur hann skrifað það á sendinguna sjálfur, en engar aðrar athugasemdir má hann skrifa á sendinguna. Hafi hann gjört það, skal pósthúsið strika þær út, svo að þær verði ólæsilegar. Þegar móttakandi skrifar eigi sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal hlutaðeigandi póstmaður gjöra það.

Það er skylda pósthússins á þeim stað, þar sem sendingu er skilað til flutnings, að sjá um að bæði þær sendingar, sem getið var um, og aðrar sendingar, sem af einhverjum öðrum ástæðum hefir eigi orðið komið til skila þar á staðnum, eða hafa ekki orðið sendar þaðan, verði fengnar aftur þeim, er sendu, svo fljótt sem unt er, ef komist verður að því, hverjir sent hafa, án þess að opna sendingarnar. Þegar þeim er skilað aftur, skal farið eftir hinum almennu reglum um afhending póstsendinga, þannig að þann er sendi, skal álita sem móttökumann.

Verði sendingum hvorki komið til viðtakanda nje sendanda, skal 13
 senda þær til pósthöfnunna í Reykjavík. Þar skulu tveir eiðsvarnir pósthöfnunna 25. mars
 menn, sem pósthöfnunni sjerstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka,
 til þess að leitast við að finna viðtakanda eða sendanda af undirskrift
 brjefa eða innihaldi. Takist það, skal senda öðrum hvorum þeirra
 sendinguna, eftir því sem þykir við eiga, undir innsigli pósthöfnunarinnar,
 með óborguðu burðargjaldi hafi það hvílt á henni; annars skulu sending-
 arnar liggja á pósthöfnunni í Reykjavík, að minsta kosti 3 mánuði, og
 hafi þær eigi verið sóttar á þeim tíma, skal selja þær pósthöfði í hag
 samkvæmt 26. gr. í pósthöfnunum eða eyða þeim. Skal það gert einu
 sinni á ári hverju undir umsjón þeirra manna, sem til þess eru settir og
 nefndir eru að framan. Sje hægt að spyrja upp sendanda, en hann neitar
 að taka við sendingunni, skal senda hana til pósthöfnunarinnar, sem
 sker úr því, hvort gjöld þau, sem kunna að hvíla á sendingunni, skuli
 innheimta hjá honum með lögsókn.

22. gr.

Um skaðabætur.

Fyrir meðmælingarbrjefssendingu skal greiða skaðabætur, ef hún
 glatast í vörslum pósthöfnunarinnar, en eigi, þótt eitthvað vanti í hana, nema
 því aðeins að sendandi hafi innsiglað sendinguna samkvæmt gildandi fyr-
 irmælum um verðbrjef, en þá hefur hann rjett til, þegar innihald send-
 ingunnar er horfið að nokkru eða öllu leyti eða hefur orðið fyrirskemd-
 um á annan hátt, meðan það var í vörslum pósthöfnunarinnar, að fá
 greiddar skaðabætur, sem samsvari tjóni því, er hlotist hefur af áverk-
 anum eða skemduðum, nema þá að yfirsjón eða skeytingarleysi sendanda
 sje um að kenna eða ásigkomulagi sendingarinnar.

Skaðabæturnar mega þó aldrei nema meiru en 36 krónum.

Um skaðabótaskyldu pósthöfðs fyrir það að peningabrjef, verð-
 brjef eða bögglar tinast eða skemmast í vörslum hennar fer eins og segir
 í löggjöfnni um skaðabótaskyldu manna yfir höfuð, þó að því at-
 huguðu sem segir í 16. og 17. gr. pósthöfnanna og því, sem fyrir skipað
 er um það, hvernig sendingar þessar skuli úr garði gerðar af send-
 anda hálfu.

Samkvæmt pósthöfnunum 7. maí 1921 16. gr. c, ber pósthöfður ekki
 ábyrgð á skaða þeim á pósthöfnunum, sem stafar af ofurefli (vis major),
 en eftir heimild þeirra, sem lögin veita til þess að gjöra breyting á þessu,
 skal pósthöfður, einnig þótt skaðinn stafi af ofurefli, hafa ábyrgð á pósthöfnunum
 þeim, er nú skal greina: Ábyrgðarbrjefum, peninga- og verð-
 brjefum og böggjum, sem hafa að innihalda verðmæt skjöl, arðmiða, vaxta-
 miða, brjefpeninga, mótað og ómótað gull, silfur og platinu, gimsteina og

13 og ekta perlur, enda sje greinilega skrifað á böggla og fylgibrjefin að
25. mars svo sje, svo og öðrum sendingum, sem póstsjóður kann að bera ábyrgð á samkvæmt samningum við önnur lönd.

Það verður því undir ýmsum atvikum komið, hvort skaðabætur verða greiddar í hvert einstakt skifti, og verður eigi farið nánar út í það hjer, en þó skal tekið fram, að þegar peningabrjef og bögglar koma með skemdum umbúðum, þá er nauðsynlegt, til þess að skaðabætur fáið, að skaðinn sje rannsakaður í viðurvist póstmanns þess, sem afhendir sendingarnar, og yfir höfuð verða eigi teknar til greina skaðabótakröfur, sem koma fram, eftir að móttakandi hefir tekið við sendingunni mótmælalaust.

Þegar póstmaður hefir talið í peningasendingu, verður krafa um skaðabætur fyrir að vantað hafi í sendinguna því að eins tekin til greina, að það hafi sannast í viðurvist póstmanns þess, sem afhenti hana. Þegar heimtaðar eru skaðabætur getur póststjórnin heimtað, að hlutaðeigandi færi sönnur á það, sem hann hefir sagt um skaðann.

Póststjórnin ábyrgist, að póstávisanir sjeu borgaðar út og endurborgaðar rjettum hlutaðeigendum, en hún greiðir engar bætur fyrir drátt, sem kann að verða á því, annaðhvort vegna þess, að ávisunin hefir verið send skakkt, eða af því að pósthúsið, sem á að borga hana, hefir eigi nóg fje í sjóði, svo að borgunin verður að bíða, þangað til það getur fengið viðbót, en þá á að láta hlutaðeigandi vita um það.

Þegar búið er að skýra skaðabótamálið þannig, að póststjórnin geti ákveðið upphæð bótanna, skal hún svo fljótt sem unt er, goldin á því pósthúsi, sem næst er heimili hlutaðeiganda, eða sem hann sjerstaklega hefir tekið til; þá skal og borga honum aftur frímerki þau, eða burðargjald það, sem greitt hefir verið, ef sendingin er glötuð með öllu. Póststjórnin greiðir aldrei vöxtu af því fje, sem henni þannig ber að borga.

Ef póststjórnin hefir goldið skaðabætur sökum þess að sending eða nokkur hluti hennar hefir glatast, en það finst aftur, sem goldið var fyrir, skal póststjórnin bjóða hlutaðeiganda hlutinn, gegn því að hann borgi aftur skaðabæturnar og það endurgjald, sem honum kann að vera greitt fyrir burðargjald.

III. kafli.

Blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt 11. gr. g.
í póstlögunum.

23. gr.

Samkvæmt 2. gr. g. í póstlögunum skal telja undir blöð og tímarit sjerhvert blað eða rit, sem menn skrifa sig fyrir og er prentað eða

margfaldað á líkan hátt, þegar það á að koma út einu sinni eða oftár á 13 ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur eigi 25. mars yfir 125 grömm.

Til þess að blöð og tímarit verði flutt með póstum, samkvæmt 11. gr. g. í póstlögunum, skulu þau prentuð og gefin út hjer á landi og vera seld fyrir ákveðið verð. Hver sending verður að vera þannig brotin saman, að hún sje eigi yfir 39 sentimetra á lengd og 24 á breidd og þykt, og þyngd á hverri sendingu má eigi vera yfir $2\frac{1}{2}$ kilogram, þegar hún á að flytjast með landpósti, annars 5 kilogrömm.

Efst á fyrstu síðu blaðsins eða ritsins skal prentað fult nafn þess og ártalið, efst á hinum blaðsíðunum skal og prentað nafnið fult eða stytth. Ekkert fylgiblað má senda með ritinu, en fylgiblað skal talið allt sem eigi er beinlínis áframhald af blaðinu eða ritinu eða samanhangandi hluti þess, t. d. sjerprentanir úr blöðum, sjerprentaðar auglýsingar og rit, þótt á sje prentað eða stimplað nafn blaðsins eða ritsins. Alþingistiðindi og stjórnmálindi eru þó undanþegin þessum skilyrðum.

Utan á umbúðunum, sem skulu vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna hvað í þeim sje, án þess að skemma þær, skal standa nafn ritsins eða blaðsins, og hvaða árgangur, bindi, tölublað eða hefti sje í sendingunni, en að öðru leyti má ekkert vera skrifað eða prentað á umbúðirnar annað en nafn móttakanda, heimili og pósthöð.

Ekkert blað eða rit má senda á þennan hátt fyr en það hefir verið innritað hjá pósthjórnninni, en til þess að það verði gjört þarf útgefandi eða þeir, sem ábyrgð skulu bera gagnvart pósthjórnninni, að skýra henni frá:

1. Ósk sinni um, að blaðið eða ritið verði flutt samkvæmt 11. gr. g. í póstlögunum.
2. Nafni blaðsins eða tímaritsins.
3. Hve oft blaðið eða ritið komi út.
4. Á hvaða pósthúsi blaðinu verði skilað til flutnings.
5. Þyngd hvers eintaks.

Innritunargjald fyrir blöð og tímarit er 3 kr. ár hvert og greiðist pósthúsinu, þar sem blaðinu eða ritinu er skilað til flutnings í fyrsta skifti, þegar blaðið er innritað, svo í byrjun janúar ár hvert.

Þegar blaði eða tímariti er skilað til flutnings á þennan hátt, skal borga burðargjaldið í peningum og taka kvittun fyrir í kvittanabók, sem pósthjórnnin gefur út og selur. Skal tilfæra nafn blaðsins eða ritsins, árgang, tölublað eða hefti, dag og stund þegar ritið er afhent, vikt og burðargjald. Skal afgreiðslumaður blaðsins hafa fyrirfram ritað í bókina nafn blaðsins eða ritsins, árgang, tölublað eða hefti, sem afhent eru í einu, og skal kvittað fyrir það í einu lagi, þegar búið er að tilfæra dag og stund, vikt og burðargjald í kvittunarbókina og borga það í pen-

13 ingum. Alt hið sama, sem skrifað er í kvittunarbókina, skal póstmaður
 25. mars skrifa í bók á pósthúsinu, þar sem blaðið eða ritið er afhent. Í sömu sendingu má aðeins senda blöð eða rit með sama nafni.

Blöð og tímarit, sem þannig hefir verið borgað fyrir, skulu flutt með póstum ófrimerkt, en mótökupósthúsið setur á þau merki um, að burðargjaldið sje borgað.

Eigi mega önnur pósthús taka við blöðum eða tímaritum til flutnings með póstum á þennan hátt, en það pósthús, sem útgefandi hefir tiltekið að því yrði skilað á. Sje brotið út af reglum þeim, sem hjer eru settar, skal eigi flytja blaðið eða ritið með póstum, og hafi það verið sent af stað, skal endursenda það sem böggulsending á kostnað útgefanda. Auk þess skal blaðið eða ritið missa rjett sinn um alt að 6 mánaða tímabil til að sendast frimerkjalaust fyrir hið lága burðargjald samkvæmt 11. gr. g. póstlaganna.

Blöð og rit, sem eigi eru afhent svo löngu áður en póstur á að fara frá pósthúsinu, sem til er tekið í 2. gr., skulu eigi send með fyrstu póstferð, nema þau sjeu frimerkt sem prentað mál.

Að öðru leyti gilda um sendingar þessar sömu reglur og um krossbandssendingar.

IV. kafli.

Hvenær reglugjörð þessi öðlast gildi og afnám eldri ákvæða.

24. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og frá sama tíma fellur úr gildi reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 og reglugjörðir um breyting á þeirri reglugjörð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, Reykjavík 25. mars 1925.

Magnús Guðmundsson.

S. Briem,